

Nd.

28. Frumvarp

til laga um áveitu á Flóann.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Einar Arnórsson.

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta veita vatni úr Hvitá í Árnessýslu nálægt Brúnastöðum, á Flóann, og nái sú áveita til þeirra jarða í Hraungerðis- hreppi, Villingaholtshreppi, Gaulverjabæjarhreppi, Stokkseyrarhreppi, Eyrar- bakkahreppi og Sandvíkurhreppi, þar sem landslag leyfir áveitu, en fari þó eigi yfir þau svæði í Gaulverjabæjarhreppi, sem nota áveitu úr Þjórsá. Heimild þessi kemur til framkvæmda, þá er stofnað hefir verið áveitufjelag samkvæmt 3. gr. þessara laga og samþykkt fyrir það náð staðfestingu stjórnar- ráðsins.

2. gr.

Stofnkostnaður áveitunnar, að flóðgörðum meðtöldum, greiðist að $\frac{1}{4}$ hluta úr landssjóði, en að $\frac{3}{4}$ hlutum skal áveitan kostuð af eigendum jarða þeirra, sem áveitan nær til, með þeim nánari ákvörðunum, er lög þessi setja.

Til stofnkostnaðar skal einnig telja aukningar og umbætur, sem nauðsynlegt þykir að gera á áveitunni, eftir að hún er tekin til notkunar, en eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds áveitunni.

Með stofnkostnaði áveitunnar skal og telja vexti og afborganir af áveituláni því, er ræðir um í 7. gr. þessara laga, á meðan framkvæmd verksins stendur yfir, og enn fremur afborganir af láninu 5 fyrstu árin, eftir að áveitan er tekin til notkunar, ef afborgana er krafist af láninu þann tíma.

3. gr.

Jarðeigendur á áveitusvæðinu mynda með sjer áveitufjelag, og nefnist það Flóaáveitufjelagið.

Til þess að undirbúa stofnun áveitufjelagsins skulu í hverjum hreppi á áveitusvæðinu, samkvæmt 1. gr., kosnir 2 fulltrúar á lögmætum sveitarfundi. Skulu þeir svo í sameiningu kveðja alla jarðeigendur áveitusvæðisins, með nægum fyrirvara, til stofnfundar. Atkvæðisrjett til fjelagsstofnunar og á fjelagsfundum hefir sjerhver eigandi jarðar eða jarðarparts, sem áveitan nær til. Eigi einhver eða einhverir þeirra heima utan áveitusvæðisins, geta þeir gefið öðrum umboð til þess að mæta á fundum fyrir sína hönd. Áveitufjelagið telst stofnað, ef $\frac{3}{4}$ fundarmanna greiða atkvæði með stofnun þess, en lögmætur er stofnfundur því að eins, að $\frac{3}{4}$ jarðeigenda sæki fundinn.

Sæki ekki nógu margir stofnfundur, til þess að lögmætur sje, skal samt atkvæða leitað um fjelagsstofnunina, og verði henni samþykkir $\frac{3}{4}$ fundarmanna, skal með sama hætti og getið var boðað til nýs stofnfundar innan 2 mánaða og er fjelagsstofnunin löglega samþykkt á þeim fundi með atkvæði $\frac{3}{4}$ fundarmanna, án tillits til þess, hve margir sækja þann fund.

4. gr.

Fyrir stofnfund skulu fundarboðendur leggja frumvarp til áveitusamþykta. Gildir hún sem lög fyrir áveitufjelagið, þá er hún hefir náð samþykki fundarins og öðlast staðfestingu stjórnarráðsins. Í samþykkt skal kveða á um, að stjórn fjelagsins skipi 3 menn, er kosnir sje til 1 árs í senn, og 1 til vara fyrir hvern aðalmanna. Enn fremur skal greina störf fjelagsstjórnarinnar, rjettindi og skyldur fjelagsmanna, umsjón og viðhald áveitunnar og greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir. Skal og getið jarða þeirra allra, er veitan nær til.

Eigi verður samþykkt gerð, nema $\frac{3}{4}$ fundarmanna greiði henni atkvæði í heild, en um einstök atriði hennar ræður afl atkvæða. Breytingar á samþykktinni, er síðar kunna að koma til á fundum áveitufjelagsins, verða eigi gerðar nema $\frac{3}{4}$ fundarmanna á lögsmætum fjelagsfundi greiði atkvæði með þeim, og öðlist breytingin staðfestingu stjórnarráðsins.

5. gr.

Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt í 4. gr., og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfestingu, en skýrir stjórn áveitufjelagsins frá ástæðum fyrir neituninni. Skal þá stjórn áveitufjelagsins kveðja þegar til fundar í áveitufjelaginu með nægum fyrirvara, og taka fjelagsmenn ákvarðanir um athugasemdir stjórnarráðsins og gilda þar um ákvæði 4. gr., þann veg að afl atkvæða ræður um einstakar breytingartilögur.

6. gr.

Ákveða má í samþykkt alt að 400 kr. sekt fyrir brot gegn henni og renna sektir í sjóð áveitufjelagsins.

Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Til þess að standast stofnkostnað áveitunnar án flóðgarða, að þeim $\frac{3}{4}$ hlutum, sem jarðeigendum ber að greiða, tekur áveitufjelagið peningalán, að svo miklu leyti sem með þarf, og nýtur til þess tilstyrks landsstjórnarinnar.

Landssjóði veitist heimild til þess að ábyrgjast lán þetta, sje það ekki tekið hjá landssjóði sjálfum, en hann skal trygður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta, ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar, og eru eign jarðeigenda, þó svo, að laust sje til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar sem svarar $\frac{3}{6}$ hlutum virðingarverðs hvernjar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrirtækið var hafið, sem landsstjórnin tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðrjettur landssjóðs.

Með veðrjetti þessum skal einnig trygður viðhalds- og umsjónarkostnaður áveitunnar. Svo stendur hann og sem trygging fyrir því, að gerðir sje flóðgarðar á hinum einstöku jörðum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

8. gr.

Stjórn áveitufjelagsins jafnar niður áveitukostnaðinum (stofukostnaðinum) á jarðir þær, er hlut eiga að máli — en það eru allar þær jarðir, er áveitan nær til —, og skal við þá niðurjöfnun aðallega farið eftir stærð þess áveitulands, er hverri jörð tilheyrir, er reiknist þó aldrei meira en $\frac{3}{4}$ hlutar af stærð allrar jarðarinnar, með hæfilegu tilliti til þess, ef einhverjar af jörðunum standa sjerstaklega að vigi um not áveitunnar.

Sje einhver áveitufjelagsmanna óánægður með niðurjöfnun stjórnar áveitufjelagsins, getur hann skotið máli sínu til landsstjórnarinnar, er sker úr þrætunni til fullnaðar. Eftir að allur ágreiningur þann veg er útkljáður, staðfestir stjórnarráðið niðurjöfnunina.

9. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal fyrir 1. október ár hvert gera áætlun um viðhalds- og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Með umsjónarkostnaði telst þóknun til fjelagsstjórnar og endurskoðenda. Kostnaði þessum jafnar áveitufjelagsstjórnin síðan niður á jarðir þær, sem áveitan nær til, eftir sama mælikvarða og stofnkostnaðinum samkv. 8. gr.

Áveitufjelagsstjórnin skal gera skrá yfir gjöld þessi, svo og afborganir þær og vexti af áveitulánum, sem hverri einstakri jörð ber að greiða eftir ítölu hennar í stofnkostnaði áveitunnar samkv. 8. gr. Eftir gjaldskrá þessari skal áveitufjelagsstjórnin innheimta árgjöldin í heild sinni hjá jarðeigendum fyrir 1. nóvember.

Reikningsár áveitufjelagsins er almanaksárið.

10. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum þeim áveitugjöldum, sem greind eru í lögum þessum.

Innheimtist áveitugjöldin ekki frjállega eða með lögtaksgerð hjá skuldunaut, eða vanrækt er að gera flóðgarða á jörð samkv. 16. gr., skal gengið að tryggingarveðinu í jörð þeirri eða jörðum, er vanskilin eða vanrækslan stafar frá. Seljist jörð eigi á nauðungarupphóði því verði, að þessum veðskuldum sje fullnægt, skal landssjóður láta leggja sjer út jörðina, enda ber hann síðan sem jarðeigandi þær skyldur, sem á jörðinni hvila vegna áveitunnar.

11. gr.

Leiguliði á jörð, sem áveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa jarðeiganda skil á umsjónar- og viðhaldskostnaði áveitunnar samkvæmt hinni árlegu niðurjöfnun, svo og á fullum vöxtum af þeim $\frac{3}{4}$ hlutum stofnkostnaðarins, sem jarðeiganda ber að greiða samkv. 2. gr., og enn fremur vöxtum af þeim hluta andvirðis flóðgarðanna á jörðinni, sem eigandi heflr lagt fram, samkv. 15. gr.

Viðtakanda jarðar í fardögum ber að inna af hendi nefnd leiguliðagjöld yfirstandanda árs.

12. gr.

Stjórn áveitufjelagsins annast allar framkvæmdir fyrir fjelagsins hönd milli funda. Skal hún með samþykki landsstjórnarinnar ráða umsjónarmann áveitunnar, er segir fyrir um notkun vatnsins og sjer um framkvæmd viðhaldsins.

Nánari ákvarðanir um verksvið umsjónarmannsins skulu greindar í samþykkt.

Landsstjórninni er heimilt eftirlit með því, að verkinu sje vel við haldið, eftir því, sem hún telur nauðsyn á. Skal áveitufjelagsstjórn og umsjónarmanni skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hjer að lútandi.

13. gr.

Aðalfund áveitufjelagsins skal halda fyrir miðjan febrúar ár hvert. Skal stjórn áveitufjelagsins boða til hans með 3 vikna fyrirvara í öllum hreppum á áveitusvæðinu á sama hátt og boðað er til lögmæltra sveitafunda.

Á aðalfundi skal tekið fyrir:

1. Stjórn áveitufjelagsins skýrir frá hag og framkvæmdum fjelagsins á umliðnu ári.
2. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar áveitunnar fyrir sama ár.
3. Kosin stjórn áveitufjelagsins og 2 endurskoðunarmenn reikninga.
4. Rædd og tekin ályktun um önnur mál, er áveituna varða.

Til aukafunda í fjelaginu skal boða með sama hætti og til aðalfundar.

14. gr.

Landsstjórnin annast undirbúning og framkvæmd áveitugerðarinnar, en leita skal samþykkis áveitufjelagsstjórnarinnar áður en tekið er tilboði um framkvæmd verksins, eða ráðinn verkstjóri, ef verkið er framkvæmt á kostnað áveitufjelagsins beinlínis. Aðrar ráðstafanir sínar hjer að lútandi, svo sem um eftirlit með verkinu o. fl., ber landsstjórnin undir stjórn áveitufjelagsins, ef henni þykja ástæður til og atvik leyfa.

15. gr.

Jarðeigendum er skylt að láta gera nægilega flóðgarða á jörðum þeim, er áveitunnar njóta, gegn $\frac{1}{4}$ tillagi úr landssjóði samkv. 2. gr. En mælingar fyrir flóðgarðana og leiðbeiningar um gerð þeirra skulu látnar landeigendum í tje á kostnað áveitunnar.

16. gr.

Vanræki jarðeigandi að láta gera flóðgarða á jörð sinni samkv. 15. gr., getur leiguliði látið gera þá. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka í verði að varanlegu eftirgjaldi fyrir flóðgarðana, og fær þá leiguliði endurgoldinn kostnað sinn við gerð flóðgarðanna, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill láta gera þá flóðgarða, sem nauðsynlegir þykja til þess, að áveitan komi að haldi, eftir álitu tveggja dóm-

kvaddra, óvilhallra manna, getur áveitufjeldagsstjórnin með samþykki landsstjórnarinnar gengið að jörðinni samkvæmt 10. gr.

17. gr.

Vilji einhverir jarðeigendur á áveitusvæðinu eigi taka þátt í áveitunni, eða kostnaði þeim, er af henni leiðir lögum þessum samkvæmt, skal stjórn áveitufjeldagsins krefjast þess, að jörð sú, er um ræðir, sje tekin eignarnámi handa landssjóði, ef ekki næst samkomulag um, að jarðeigandi láti jörðina af hendi eða selji hana. Verði landssjóður eigandi slikra jarða, gilda um skyldur þær, sem á þeim hvíla vegna áveitunnar, allar hinar sömu reglur og um jarðir einstakra manna eftir lögum þessum.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hjer segir, dómkveður hjeradsdómari, ef hann á eigi hlut í áveitunni, ella næsti hjeradsdómari, 3 óvilhalla menn utan áveitusvæðisins.

Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 65, 22. nóv. 1913 um vatnsveitingar, 18. og 20. gr.

18. gr.

Þegar samþykkt fyrir áveitufjeldagið hefir náð staðfestingu stjórnarráðsins samkv. 4. og 5. gr., eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfirleitt að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer. Fullar bætur fyrir landnám þetta og jarðrask m. m. greiðist eigendum þeirra jarða, sem eigi geta haft not áveitunnar, en eigendum áveitujarða greiðist því að eins bætur, að landnám og jarðrask á jörðum þeirra sje meira tiltölulega en á öðrum jörðum á áveitusvæðinu.

Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeigenda og stjórnar áveitufjeldagsins, en náist ekki samkomulag, skulu bætur metnar af 3 óvilhöllum mönnum, sem dómkvaddir skulu til þessa í eitt skifti fyrir öll fyrir alt áveitusvæðið. Um yfirmat fer eftir 20. gr. vatnsveitingalaganna frá 22. nóv. 1913.

19. gr.

Óski jarðeigandi, er þátt tekur í áveitunni, að greiða áveitukostnað sinn allan, annan en viðhalds- og umsjónarkostnað, eða nokkurn hluta hans fyrirfram í eitt skifti fyrir öll, skal honum það heimilt. Svo skal og leyft hlutaðeigendum, er þess æskja, að láta af hendi land, er áveitunnar nýtur, upp í áveitukostnaðinn, að einhverju eða öllu leyti, og skal tara um mat á því landi eftir ákvæðum 17. gr., en landssjóður eignast landið.

20. gr.

Um skifti á óskiftu landi, sem vatni er veitt á samkvæmt lögum þessum, fer eftir 6. gr. laga um vatnsveitingar frá 22. nóv. 1913.

Astæður.

Um þær visast til eftirfarandi athugasemda Flóaáveitunefndarinnar við frv. þetta:

Við fyrirsögn frumvarpsins.

Flóaáveitunefndinni hefir þótt óhjákvæmilegt, að sjerstök lög — heimildarlög fyrir landsstjórnina — verði sett um Flóaáveituna, sem hlýtur að verða svo umfangsmikil og margbrotin, enda stærsta fyrirtæki hjer á landi samskonar, að engin leið er að því, að hún geti nema að nokkru eða litlu leyti komist undir hinar almennu reglur gildandi laga. Eftir að hafa unnið að rannsókn málsins og undirbúningi þess, svo sem annarstaðar er gerð grein fyrir (þar á meðal haldið fundi með búendum og jarðeigendum á áveitusvæðinu), hefir nefndin þess vegna ráðist í að semja frumvarp til laga um áveitu á Flóann og að sjálfsgöðu nefnt það þessu nafni. Hyggjum vjer upp í það tekin þau ákvæði, er mestu skiftir, að sjerstök lög sje sett um.

Við 1. gr.

Auk heimildarákvæðisins þykir rjett að tilgreina þegar í upphafi laganna, hvaðan áveituvatnið er tekið og hvert það er leitt. Hinar einstöku jarðir, sem áveitan nær til, er ætlast til að verði greindar í samþykkt væntanlegs áveitufjelags (sbr. 4. gr.). Með því að miða framkvæmd heimildarinnar við stofnun áveitufjelags, hafa hlutaðeigendur það í hendi sjer, hvenær þeir vilja hefjast handa, til þess að koma sjálfu verkinu á.

Við 2. gr.

Af stofnkostnaði áveitunnar, sem nánari grein er gerð fyrir í nefndarálitinu, ætlast nefndin til að landssjóður greiði $\frac{1}{4}$ hluta, sem beinan styrk, þar sem þetta fyrirtæki er svo mikið stórvirki, að litt mun þykja kleift til framkvæmda, nema ljett sje undir með hinum eiginlegu kostendum þess, jarðeigendunum á áveitusvæðinu, er kosta áveituna að $\frac{3}{4}$ hlutum, og annast að öllu leyti hið almenna viðhald hennar og umsjón. Er það og bert, að áveita þessi ef hún kemst í verk, hlýtur að færa landssjóði eigi lítinn aukinn gróða á ýmsa lund, svo sem önnur slík þjóðþrifafyrirtæki, og venja virðist komin á, að styrkur landssjóðs nemi fjórðungi kostnaðar, sbr. m. a. lög nr. 19, 11. júlí 1911, hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, þar sem samkvæmt 1. gr. laganna veitast úr landssjóði 400,000 kr. gegn 1,200,000 kr. úr hafnarsjóði, og 2. gr. heimilar landssjóði að ábyrgjast lántöku hafnarsjóðs, á sama hátt og 7. gr. þessara laga gerir ráð fyrir gagnvart áveituláni, ef til kemur.

Nauðsynlegt þykir, að telja til stofnkostnaðar, þ. e. láta sæta stofnkostnaðarkjörum, allar meiri háttar aukningar og umbætur á áveitunni. Og beinlínis í stofnkostnaði teljist vextir og afborganir af áveituláninu, meðan á verkinu stendur, og afborganir fyrstu árin (∴ áveitulánið þarf að vera þeim mun hærra), svo að eigi íþyngist jarðeigendum um of, á meðan áveitan er eigi farin að gefa fullan arð. —

Við 3. gr.

Þessi grein ræðir um stofnun áveitufjelags, sem er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að verkið komist til framkvæmda, og fyrir rekstri þessarar samáveitu framvegis. Með vilja hlutaðeigandi jarðeigenda er svo ákveðið, að atkvæðisrjettur í áveitumálunum miðist við fjelagsmann hvern (svo sem á sjer stað í samvinnufjelögum), en eigi við eign eða ítölu (eins og í hlutafjelögum). Að öðru leyti er þessi grein áþekk 8. gr. hinna almennu vatnsveitingalaga frá 22. nóv. 1913.

Við 4. gr.

Þessi grein þarfnast engra sjerstakra skýringa. Áþekk 9. gr. vatnsveitingalaganna. —

Við 5. gr.

Sbr. að mestu 10. gr. vatnsveitingalaganna.

Við 6. gr.

Sbr. 12. gr. sömu laga.

Við 7. gr.

Ræðir um væntanlega lántöku til stofnkostnaðar áveitunnar. Ef landssjóður er ekki beinlinis lánveitandinn — sem þó er eins vel gert ráð fyrir að hann verði, og verður þá að setja sjerstaka lagaheimild um það —, er honum með þessari lagagrein heimilað að ábyrgjast lánið. En hvort sem er, tekur hann að tryggingu veð í jörðunum á áveitusvæðinu (áveitujörðunum), og þykir fullnægilegt, þegar á alt er lítið, sjerstaklega hina miklu raunverulegu veðhækkun, sem hlýtur að verða á jörðum þessum, er áveitan er komin á, að þessi veðrjettur komi fyrst á eftir $\frac{2}{3}$ hlutum virðingarverðs jarðeignanna, eins og þær verða virtar áður en fyrirtækið er gert. Að hinu leytinu verður ekki heldur sjeð, að jarðeigendur komist af með minna laust af jörðunum eða þessu virðingarverði þeirra en $\frac{1}{3}$, sem gangi á undan öllu öðru, ef þeir eiga að geta staðist þau útgjöld, sem áveitan (með flóðgörðum og öllu) leggur þeim á herðar, frá upphafi og áfram.

Eftir skýrslu þeirri að dæma meðal annars, sem nefndin hefir fengið hjá sýslumanninum í Árnessýslu um veðbönd þessara jarða, er ekki sýnilegt, að það, sem nú hvílir á þeim, geti komið að nokkrum verulegum mun í bág við ráðstafanir þessar. Allflestar jarðanna, sem veðsettar eru, munu ekki vera meira veðbundnar en svo, að alls ekki nemur $\frac{2}{3}$ þess verðs, sem þær væntanlega verða metnar til hjer eftir, og þótt það mat fari fram áður en áveitan kemur.

Til þess að tryggja það, að áveitan falli ekki í vanrækslu og komi að notum, sem fyrst og fremst er skilyrði fyrir því, að tilkostnaðurinn hafist upp, er það nauðsynlegt, að umrædd veðtrygging í jörðunum nái einnig til skyldunnar til viðhalds og umsjónar (sbr. 9. gr.), og til þess að gera flóðgarða (sbr. 15. og 16. gr.).

Við 8. gr.

Greinin fjallar um skifting stofnkostnaðarins eða niðurjöfnun á áveitujarðirnar (sbr. 15. gr. vatnsveitingalaganna). Eins og gerð er grein fyrir í nefndarálitinu, hefir þótt rjett að reikna hverri jörð aldrei meira áveituland en $\frac{3}{4}$ hluta af stærð hennar, jafnvel þótt hún öll kynni að vera eða gæti verið undir áveitu. Byggist þetta á því, að við venjulega notkun jarða verða ábúendur að taka nokkurn hluta undan til hagbeitar. Að öðru leyti er áveitufjelagsstjórninni gefið nokkurt svigrúm að taka hæfilegt tillit til sjerstakra ástæðna jarðanna, en úrslitaorð hefir landsstjórnin hjer, ef ágreiningur verður. Gera lögin yfirleitt ráð fyrir allmiklum ihlutunarrjetti hennar (landsstjórnarinnar) um ýms mál og hagsmuni áveitunnar, enda er ætlast til að landssjóður verði talsvert við hana riðinn, og hins vegar álitíð, að hagsmunum sjálfs fyrirtækisins sje best borgið á þennan hátt.

Við 9. gr.

Hjer ekkert sjerstakt að athuga.

Við 10. gr.

Auk tryggingar þeirrar (í jörðunum), sem ákveðin er fyrir öllum áveitugreiðslunum, þykir nauðsynlegt að gera sjálfa innheimtuna sem allra öruggasta og greiðasta, en það næst best með því, að veita gjöldum þessum lög-taksrjett. Ætti það og að leiða til þess, að eigi þyrfti að ganga að sjálfu veðinu fyr en öll sund önnur eru lokuð.

Eins og ætlast er til, að landssjóður eignist jarðir og lönd á áveituvæðinu, ef til kemur, samkv. 17. og 19. gr., eins þykir sjálfsagt, að það sje landssjóður, sem láti leggja sjer út seldar jarðir, ef með þarf, eins og þessi gr. gerir ráð fyrir, enda er það hann, sem hefir ráðin á og yfir tryggingarveðinu sem hinn eiginlegi veðhafi.

Við 11. gr.

Hjer greinir frá skyldum leiguliða á áveitujörð, þeim er óhjákvæmilega hljóta að leggjast á hann til landsdrottins (jarðeiganda), sem ætlað er að bera áveitukostnaðinn beinlínis. Verða þessar skyldur að vera árgreiðslur umsjónar- og viðhaldskostnaðar, svo og vextir fullir af þeim hluta ($\frac{3}{4}$) stofnkostnaðarins, sem jarðeigandi leggur út, ásamt vöxtum af ændvirði flóðgarða, ef jarðeigandi lætur gera þá. Það er ljóst, að það er landsetinn, sem hirðir hinn árlega ærð áveitunnar, og ber honum því að greiða hin tilsvarandi gjöld, þar sem landsdrottinn leggur til sjálfan kostnaðinn og eignast þar með í rauninni sjálfa áveituna og mannvirkin.

Sbr. hjer við fyrri hluta 17. gr. vatnsveitingalaganna. Enn fremur grundvallarreglur l. 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða (sjerstakl. 21. gr.).

Sá, sem tekur við jörð í fardögum, en eigi sá, er frá fer, fær allan af-rakstur hennar það ár; verður því að bera þess árs gjöld.

Við 12. gr.

Nauðsynleg framkvæmda-ákvæði. Þarfnast engra sjerstakra skýringa.

Við 13. gr.

Parfnast eigi sjerstakra athugasemda.

Við 14. gr.

Hentast þykir, þegar á alt er litið, og óhultast, að landsstjórnin standi fyrir framkvæmd áveituverksins, hvort sem það kann að verða »boðið út« eða unnið á annan hátt. Stjórn áveitufjelagsins er og ætlað að vera með i ráðum, eftir því, sem nauðsyn krefur.

Við 15. gr.

Óhjákvæmilegt er að skylda jarðeigendur til þess að gera flóðgarða, þar sem þeir eru beint skilyrði fyrir árangri af áveitunni. Ljett er undir með þeim i því, svo sem greinin tilsegir.

Við 16. gr.

Hljóðar um vanrækslu landsdrottins i gerð flóðgarða, og hvernig leiguliði skuli þá koma til. Sbr. hjer við síðari hluta 17. gr. vatnsveitingalaganna, svo og síðari hluta 20. gr. ábúðarlaganna.

Ef hvorki jarðeigandi nje leiguliði gera skyldu sína hjer að lútandi, er ætlast til, að ganga megi að jörðinni (veðinu), til fullnægingar þessum kvöðum. En hentara þykir, að hinn eiginlegi veðhafi — landssjóður — heimili i þessum tilfellum áveitufjelagsstjórninni i hvert skifti þenna aðgang sinn.

Við 17. gr.

Ef að því rekur, að einhverir jarðeigendur á áveitusvæðinu ætli sjer að skerast úr leik eða neita þátttöku i áveitunni — en þó löglega stofnað til framkvæmda hennar, sbr. 1. gr., o. s. frv., — er ekki annað fyrir, til þess að fyrirtækið hindrist ekki af þessum völdum, en að nota eignarnámsheimild stjórnarskrárinnar, 50. gr., þar sem almennings eða fjelagsheill er öðru megin. Sbr. og hjer við 18. gr. hinna almennu vatnsveitingalaga. Eigandi slikra lögnumdra jarða eða landa verður landssjóður, sem einna næst stendur og enda best að vigi, bæði hvað það snertir að standast hinar áhvílandi skyldur og eins i því að gera sjer mat úr jörðunum, sem annars á ekki að vera miklum erfiðleikum bundið, ef alt ter skaplega. Lönd þau, er landssjóður fær úr áveitunni samkvæmt þessu (og eins samkv. 19. og 10. gr.), gæti hann þá m. a., ef svo sýndist, notað til úthlutunar til nýbýla (smábýla eða grasbýlabúskapar), eins og sumir hafa stungið upp á; en það atriði hefir nefndin, samkvæmt stefnu sinni og niðurstöðu i málinu, alls ekki tekið upp til neinnar ítarlegri rannsóknar (sjá nefndarálitið), jafnvel þótt þingsályktunartill. (frá 1915) sem hún er skipað ettir, og sýnilega gengur út frá alt öðru fyrirkomulagi en nefndin, virðist gera nokkurt ráð fyrir því, þótt óljóst sje.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein engra athugasemda.

Við 18. gr.

Við þessa gr. sbr. aðallega 13. gr. vatnsveitingalaganna, og er ákvæðinu hagað eftir því, sem hjer þykir við eiga.

Við 19. gr.

Að sjálfsögðu greiða þeir af jarðeigendum, sem vilja, áveitukostnað sinn í eitt skifti fyrir öll, þótt fyrirtækið byggist að öðru leyti á lántöku og árgreiðslum. Og ekki er nema sanngjarnt, að hlutaðeigendur fái að láta upp í kostnað land af jörðum sínum, er áveitan nær til og nothæft þykir, eftir mati o. s. frv. (sjá nefndarálitid).

Við 20. gr.

Enginn vafi er á því, að nauðsyn rekur til skifta á ýmsum jörðum á áveitusvæðinu, sem enn er eigi skift, ef hin fyrirhugaða áveita kemst á. Þykir óþarft að taka hjer upp sjerstakar reglur um slik skifti, en láta ákvæði hinna almennu vatnsveitingalaga gilda um þau, þar sem þau ákvæði virðast mega nægja og eiga hjer best við. Annars má og að sjálfsögðu hafa hliðsjón af ákvæðum landskiftalaganna, nr. 43 frá 10. nóv. 1913, ef þörf gerðist.

Reykjavík, í desember 1916.

Jón Þorláksson. Gísli Sveinsson. Sigurður Sigurðsson.